

Þríhnúkar ehf
Markarflöt 5
210 Garðabær



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 30. september 2016
UST201609-167/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Þríhnúkar

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 13. september sl. frá 3H Travel ehf. vegna heimildar til að framlengja leyfi, dags. 10 september 2015, vegna uppsetninga á tímabundinni aðstöðu við Þríhnúka í Bláfjallafólkvangi haustið 2016.

Svæðið sem um ræðir er innan Bláfjallafólkvangs. Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsingu í Stj.tíð. B, 173/1985. Jarðrask og mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar, skv. auglýstum reglum svæðisins.

Lýsing framkvæmdar: Um er að ræða aðstöðu sem sett var upp vorið 2016. Óskað er eftir að aðstaðan fái að vera á svæðinu fram til 15. október en núverandi leyfi rennur út 1. október.


Áhrifamat: Að mati Umhverfisstofnunar er ekki talin hætt á að mengun eða raski vegna framlengingu leyfisins.


Skilyrði: Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti að framlengja leyfi vegna tímabundinar aðstöðu við Þríhnúka sumarið 2016 til 15. október, með eftirfarandi skilyrðum:

- Að ekki verði um jarðrask að ræða á svæðinu.
- Aðstaða fyrir starfsfólk og gesti svæðisins takmarkast við 4 gáma og 3 þurrsalerni.
- Að olía eða aðrir mengandi vökvar fari ekki út í umhverfið, að vel sé gengið frá eldsneytistank inni á svæðinu með lekavörn og að 3H Travel komi sér upp viðbragðsáætlun ef til slysa kemur. Viðbragðsáætlun á grundvelli starfsleyfis frá heilbrigðisnefnd getur komið í stað viðbragðsáætlunar skv. leyfi þessu.
- Að göngustígar verði vel afmarkaðir og að komið verði upp pöllum, ristum eða álíka útbúnaði sem hlífir viðkvæmum jarðmyndunum eftir þörfum.
- Svæðið í kringum gámana við Þríhnúka verði afmarkað vel til að koma í veg fyrir jarðrask í kringum þá.
- Að umgengni niðri á botni Þríhnúkagígs sé góð og að þar verði ekki skilinn eftir neinn úrgangur.
- Að Umhverfisstofnun verði gert viðvart ef upp koma slys eða önnur óhöpp tengd leyfi þessu.
- Að allur frágangur að framkvæmdum loknum verði góður og ekki sjáist ummerki um mannvirki á svæðinu.
- Leyfi þetta gildir frá 1. október til 15. október 2016.

Eftirlit: Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með svæðinu og frágangi á því eftir að mannvirki hafa verið fjarlægð eins og stofnunin hefur viðhaft undanfarin ár. Rukkað verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 lsl.kr. per klst.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur